

nr. 55, 27. júní 1921, til þess að öðlast gildi 15. marz 1932, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

14
4. marz

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 4. marz 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Aldaminning Jóns Sigurðssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 15
19. marz 1932. Skipulagsskráin er þannig: 19. marz

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

sjóðinn „Aldaminning Jóns Sigurðssonar forseta“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Aldaminning Jóns Sigurðssonar forseta.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 160 krónur. Stofnféð má auka með gjöfum til sjóðsins hvenær sem vera skal.

3. gr.

Fé sjóðsins skal geyma og ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, eða öðrum jafntryggum sjóði. Vextir skulu lagðir við höfuðstólinn árlega.

4. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón og stjórn hreppsnefndarinnar í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, eða þess stjórnarvalds, er koma kann í hennar stað, með breytti þjóðfélagsskipun. Hreppsnefndin annast reikningshald sjóðsins og lætur birta reikninginn árlega.

5. gr.

Á hverju aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta skal hreppsnefndin ráðstafa $\frac{1}{10}$ af vöxtum þeim og vaxtavöxtum, sem sjóðnum hafa hlotnast, á liðinni afmælisöld, minningu forsetans til heiðurs á einhvern hátt. Skal hrepps-

15 nefndin hafa frjálsar hendur að því er ráðstöfun fjárins snertir, að því til
19. marz skildu, að íbúar Auðkúluhrepps, eða náskyldir niðjar þeirra, gangi fyrir að
njóta fjárveitinga úr sjóðnum, að öðru jöfnu.

6. gr.

Stofnendur sjóðsins vilja benda á, að verja mætti fénu til verðlauna fyrir framúrskarandi dugnað í búnaði, eða til þess að styrkja fátæka, efnilega pílta og stúlkur til náms o. s. frv. Verði nokkru af fénu varið til hátíðahalda, er það til skilið, að þau fari þá fram á fæðingarstað forsetans, Hrafnseyri.

7. gr.

Sjóð þenna stofnuðu nokkrir af meðlimum Búnaðarfélags Auðkúluhrepps.

8. gr.

Um leið og stofnendur sjóðs þessa fela hreppsnefndinni sjóðinn til umráða, vænta þeir þess, að hún annist um viðhald á bautasteini Jóns Sigurðssonar forseta, er honum var reistur að Hrafnseyri á fyrsta aldarafmæli hans, 17. júní 1911.

9. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessa höfum við undirritaðir samið samkvæmt ályktun safnaðarfundarins.

Hrafnseyri, 26. ágúst 1928.

Böðvar Bjarnason. Gísli G. Ásgeirsson.